

Fundur fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga byggðasamlags haldinn í Byggðasafni Norður-Þingeyinga á Snartarstöðum þann 4. maí 2016 kl. 15:00. Fundurinn er fyrsti fundur fulltrúaráðsins.

Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar;

- frá Þingeyjarsveit; Arnór Benónýsson, Heiða Guðmundsdóttir og Ragnar Bjarnason
- frá Skútustaðahreppi; Yngvi Ragnar Kristjánsson
- frá Norðurþingi; Óli Halldórson, Kjartan Páll Þórarinsson, Olga Gísladóttir, Sif Jóhannesdóttir og Soffía Helgadóttir
- frá Tjörneshreppi; Steinþór Heiðarsson
- frá Svalbarðshreppi; Daníel Hansen
- frá Langanesbyggð; Reynir Atli Jónsson

Einnig sátu fundinn framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaganna; Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri Skútustaðahrepps, Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings, Sigurður Þór Guðmundsson, oddviti Svalbarðshrepps og Elías Pétursson sveitarstjóri Langanesbyggðar. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Þingeyinga.

1. Undirritun stofnsamnings Héraðsnefndar Þingeyinga byggðasamlags

Fulltrúar aðildarsveitarfélaga, Langanesbyggðar, Norðurþings, Skútustaðahrepps, Svalbarðshrepps, Tjörneshrepps og Þingeyjarsveitar undirrituðu stofnsamninginn.

2. Kosning formanns, varaformanns og ritara skv. 6. málsgrein 4. gr.

Stofnsamnings

Borin var fram tillaga um að Arnór Benónýsson verði formaður fulltrúaráðs, Óli Halldórsson varaformaður og Sif Jóhannesdóttir ritari. Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Skipan starfsmanns skv. 8 mgr. 4. gr. stofnsamnings

Borin var fram tillaga um að gerður verði samningur við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga um vinnu fyrir byggðasamlagið í sama formi og samningur sem var í gildi við Héraðsnefnd Þingeyinga. Var tillagan samþykkt samhljóða.

4. Tilnefning í stjórn Þekkingarnets Þingeyinga til tveggja ára

Sigurður Þór Guðmundsson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórninni. Borin var fram tillaga um að Ina Leverköhne verði fulltrúi Héraðsnefndar Þingeyinga bs í stjórninni. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Viðbótarframlag til Þingeyjarverkefnis

Reinhard Reynisson greindi frá því að tekjur sem verða til vegna eignarhalds héraðsnefndar á eygni skuli notaðar í verkefnum sem tengjast henni beint. Samstarf er við aðra landeigendur, Þingeyjarsveit og Minjastofnun Íslands um verkefni sem snýr að skipulagi og hönnun í eyjunni sem hefur það að markmiði að nýta hana sem áfangastað ferðamanna en gæta jafnframt að náttúru og menningarminjum sem þar

eru. Fengist hefur styrkloforð frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til verkefnisins. Áður en unnt er að hefja skipulagsvinnuna þarf hins vegar að ljúka deiliskráningu fornminja.

Lögð fram eftirfarandi tillaga ásamt greinargerð:

Fulltrúaráð HNP bs. samþykkir að til viðbótar við samþykktu fjárhagsáætlun ársins verði ráðstafað allt að kr. 1.500.000,- vegna deiliskráningar fornminja í Þingey og Skuldabingsey og fyrirsjáanlegs viðbótarkostnaðar vegna skipulags- og hönnunarvinnu í eyjunum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

Undir þessum lið stigu margir fundarmenn í pontu og ræddu hið nýja form samstarfs sveitarfélaganna í Þingeyjarsýslu, Héraðsnefnd Þingeyinga bs. Fólk lýsti yfir ánægju og bjartsýni um að hið nýja fyrirkomulag verði svæðinu til heilla

Rætt var um þau verkefni sem sveitarfélögin gætu hugsanlega sett undir hatt byggðasamlagsins, m.a. barnaverndarsamstarf, félagsþjónustu, skipulagsmál, vargeyðingu og fleira. Sameiginleg innkaup á þjónustu, tölvuvörum o.fl. voru rædd og þóttu áhugaverður kostur.

Einnig var rætt um þann möguleika að gera Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga eitt af verkefnum byggðasamlagsins. Framkvæmdastjóri félagsins minnti á að í því samhengi þyrfti að hafa í huga að AP er hlutafélag, þar sem m.a. atvinnurekendur og stéttarfélög eigi fulltrúa í stjórn.

Kristján Þór ræddi um ráðgjafasamning um félags- og skólaþjónustu. Nú er í gildi samningur Norðurþings við Langanesbyggð, Tjörneshrepp, Skútustaðahrepp og Svalbarðshrepp. Kristján benti á þann möguleika að setja samninginn inn í nýstofnað byggðasamlag. Ákveðið að sveitarstjórar leggi fram tillögu að skipulagi varðandi þetta samstarf í lok maímánaðar.

Reinhard ræddi starfsemi barnaverndarnefndar á vegum sveitarfélaganna. Frá 2011 hefur verið í gildi samningur milli sveitarfélaganna þar sem Norðurþing hefur tekið að sér ákveðin verkefni sem að þessu líta en engin ákvæði eru um skipan sameiginlegrar barnaverndarnefndar. Það er afar mikilvægt að stjórnsýslu í kringum starfsemi barnaverndarnefndar sé komið í viðeigandi form. Reinhard falið að kanna þetta mál frekar.

Arnór ræddi skipulag starfs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. Fulltrúaráð samþykkir fjárhagsáætlun og samþykkir ársreikning á fundum vor og haust. Þess á milli starfar framkvæmdaráð að málefnum byggðasamlagsins. Einnig lagði Arnór til að framkvæmdaráði væri falið að setja fram tillögu að skipun barnaverndarnefndar sem lögð verði fyrir næsta fund fulltrúaráðs. Það var samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:45